

Fundargerð

313. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

Mánudaginn 27. september 2010, kl: 15:15

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð er rituð á tölvu og er hún 1 blaðsíður á lengd.

Mættir: Eggert Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson, Andrea Björnsdóttir og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Andrea bauð hreppsnefnd velkomna og fór yfir dagskrána

Dagskrá:

1. Ráðning sveitarstjóra

Á fundi hreppsnefndar 20. þ.m. var ákveðið afturkalla fyrri ákvörðun um að ráða GPP sveitarstjóra. Oddviti, Gústaf Jökull Ólafsson, tók þátt í þeirri ákvörðun. Gústaf Jökull var einn umsækjanda um starfs sveitarstjóra. Þar sem fyrir lá á fundinum að Gústaf Jökull uppfyllti ekki þær kröfur sem hreppsnefnd gerði til umsækjenda, var litið svo á að hann hefði ekki hagsmuna að gæta við ákvörðun í málinu. Þar sem bornar hafa verið brigður á hæfi Gústafs Jökuls til að standa að ákvörðuninni 20. september s.l. ákveður hreppsnefnd að taka málið fyrir að nýju. Hreppsnefnd staðfestir einróma fyrrgreinda ákvörðun frá 20. september s.l. *Samþykkt einróma.*

Önnur mál:

- Prókúra fyrir skrifstofustjóra. *Samþykkt var að veita Erlu Björk Jónsdóttur, skrifstofustjóra, prókúru fyrir reikningum Reykhólahrepps.*
- Erindi frá Leikfélaginu Skruggu. *Samþykkt að veita leikfélaginu Skruggu afnot af húsnæði Hlunnindasýningarinnar veturinn 2010 – 2011. Að undanskildum fyrsta fimmtudegi í hverjum mánuði þegar súpufundir standa yfir.*
- Ræstingar á hreppsskrifstofu Reykhólahrepps. *Ákveðið var að auglýsa starfið á vef Reykhólahrepps. Ásta Sjöfn sér um málið.*
- Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar. *Fundargerð samþykkt.*

Fundi slitið kl. 15:45